



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 22. apríl 2008  
Tilvísun: 2008040327 RJ/--

Alþingi, Efnahags- og skattanefnd  
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. (mál nr. 525, 135. löggjafarþing)**

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (mál nr. 525 á 135. löggjafarþingi).

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 147. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 121. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að veita upplýsingar úr hlutafélagaskrá með rafrænum hætti og að heimilt verði að senda tilkynningar og fylgiskjöl til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti þannig að það hafi sama gildi og tilkynningar sem sendar eru á skriflegu formi.

Í athugasemdum við umrætt lagafrumvarp kemur fram að frumvarpið sé lagt fram til innleiðingar á ákvæðum um rafræna skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE (félagaréttartilskipunin) að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Samkvæmt tilskipuninni skulu stjórnvöld sjá til þess að félög geti valið hvort þau senda skjöl og upplýsingar til hlutafélagaskrár á pappír eða með rafrænum hætti. Einnig skal vera tryggt að hagsmunaaðilar geti fengið endurrit af skjölum og upplýsingum úr skránni hvort heldur er á pappír eða með rafrænum hætti. Þá kemur fram að framangreind tilskipun var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 og hafa aðrir þættir tilskipunarinnar, en hér um ræðir, verið innleiddir í íslenskan rétt með lögum nr. 18/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og lögum nr. 29/2006, um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

*Rakel Jensdóttir*

Rakel Jensdóttir